

## Upplýsingar um val – mála- og menningarbraut, 2. bekkur – vorönn 2018

Nú er komið að því að þú veljir þér valgreinar fyrir 3. bekk. Til að ljúka námi til stúdentsprófs þarftu að ljúka 30 einingum í vali og þar af eiga **a.m.k. 15 að tilheyra einkennisgreinum mála- og menningarbrautar**, þ.e. erlendum tungumálum, ferðamálafræði, sögu og heimspeki, íslensku og stærðfræði.

Miðað er við að þú takir **10 valeiningar á haustönn í 3. bekk og 15 einingar á vorönn í 3. bekk**. Skoðaðu vel á hvaða þrepum áfangarnir eru sem þú velur. Hafðu í huga hvaða undirbúningskröfur eru gerðar í því námi sem þú stefnir á að loknu stúdentsprófi og veldu valáfanga í samræmi við það. Aðgangsviðmið háskólanna má finna á heimasíðu skólans undir **NÁMIÐ – VALGREINAR – Samantekt á aðgangsviðmiðum íslenskra háskóla**, með ábendingum um námsval í MA miðað við nýja námskrá [http://www.ma.is/static/files/Namid/2017-2018/Adgangsvidmid\\_ny\\_namskra.pdf](http://www.ma.is/static/files/Namid/2017-2018/Adgangsvidmid_ny_namskra.pdf)

Áfangalýsingar er að finna á heimasíðu skólans undir hlekknum **Valgreinar**, þar er bæklingur sem heitir **Valgreinabæklingur vor 2018** með stuttri lýsingu á hverjum áfanga. Athugið vel hver undanfari hvers áfanga er, þ.e. hvaða áföngum þið þurfið að hafa lokið til að geta skráð ykkur í tiltekna áfanga. Einnig þurfið þið að skoða hvaða áfangar falla undir sérgreinar brauta.

Mikilvægt er að þú kynnis þér vel **reglur um val** sem fram koma í valgreinabæklingi á bls. 4.

**Mánudaginn 26. febrúar (námsmatsdagur) verður opið hús hjá brautastjórum og námsráðgjöfum í kjallara Gamla skóla**. Þá getið þið komið og fengið ráðgjöf og leiðbeiningar um val á áföngum.

**Valkynning verður eftir hádegi miðvikudaginn 28. febrúar, klukkan 14.40-16.05** en þá sitja kennarar fyrir svörum um þá áfanga sem í boði eru.

**Þú skráir valið þitt í Innu** og í valgreinabæklingi er að finna ítarlegar leiðbeiningar um hvernig sú skráning fer fram.

**Athugaðu að aðeins er hægt að velja einn áfanga úr hverri blokk, því að áfangar í sömu blokk eru kenndir á sama tíma.**

**Síðasti dagur til að skrá val í Innu er föstudagurinn 2. mars**. Brautastjórar verða með aðsetur í Kvosinni fimmtudag 1. mars og föstudag 2. mars og aðstoða nemendur við skráningu. Námsráðgjafar verða einnig til aðstoðar við val og skráningu.

Allra síðasti skráningardagur á vali í Innu er föstudaginn 2. mars

## Áfangar í boði fyrir 3. bekk mála- og menningarbrautar skólaárið 2018-2019

### Haustönn 2018

Nemendur velja einn áfanga úr hvorri blokk og einn til vara. Einnig er hægt að velja einn áfanga utan blokka og sleppa þá annarri hvorri blokkinni í staðinn. Skráning fer fram í Innu.

| Blokk 1           | Blokk 2           | Utan blokka |
|-------------------|-------------------|-------------|
| BHBL2VA05         | <b>FATA2SS05*</b> | ÍSLE2YN05   |
| <b>BÓKF1DH05*</b> | FERÐ2ÍS05         | JARÐ2ÚT05** |
| ENSK3CR05         | FJÖL2UF05         | ÞÝSK2BE05   |
| FÉLA2AÞ05         | FORR2FO05         | ENSK3PL05   |
| FÉLA3KY04         | HAGF2ÞJ05         |             |
| <b>HÖTE2PH05*</b> | LÍFF3FM05         |             |
| ÍSLE2KM05         | LJÓS1GR05         |             |
| ÍÞFR2VA05         | SAGA3TR05         |             |
| JARÐ2VH05         | SÁLF2FS05         |             |
| MYNL1GR05         | <b>SÝKL2SS05*</b> |             |
| NÆRI3GR05         | <b>VIÐS2PM05*</b> |             |
| SAGA3FB05         | VÍMA2LL05         |             |
| SAGA3VS05         |                   |             |
| SÁLF2JS03         |                   |             |
| SPÆN1BB05         |                   |             |
| STÆR3FF05         |                   |             |
| <b>VIÐS2MS05*</b> |                   |             |
| VÍMA2LL05         |                   |             |

\*Áfanginn er kenndur í VMA

\*\*Heilsársáfangi

### Vorönn 2019

Nemendur velja einn áfanga úr hverri blokk og einn til vara. Einnig er hægt að velja einn áfanga utan blokka og sleppa þá einni blokk í staðinn. Skráning vals fer fram í Innu.

| Blokk 1   | Blokk 2           | Blokk 4   | Utan blokka |
|-----------|-------------------|-----------|-------------|
| BHBL2VA05 | ENSK3GL05         | ENSK3CU05 | ENSK3PL05   |
| ENSK3AS05 | FÉLA2MF05         | FÉLA3AB05 | ÍSLE2YN05   |
| FERÐ3EV05 | FÉLA3AB05         | HEIM3TS05 | JARÐ2ÚT05** |
| FÉLA2LM05 | FRAN2PA05         | LÍFF3EF05 |             |
| ÍSLE2KM05 | ÍSLE2LI05         | SÁLF3UP05 |             |
| LAND2AL05 | KFRT2KF05         | SPÆN1CC05 |             |
| LÍFF2LE05 | LÍFF3VU05         |           |             |
| LÍFF3AN05 | LJÓS1GR05         |           |             |
| MYNL1GR05 | NÆRI3GR05         |           |             |
| SÁL2HÍ05  | SAGA3KV05         |           |             |
| SAGA3LH05 | SÁLF3HE05         |           |             |
|           | <b>SJÓN1TF05*</b> |           |             |
|           | STÆR3TF05         |           |             |
|           | <b>VIÐS1VV05*</b> |           |             |
|           | ÞÝSK2BE05         |           |             |

\*Áfanginn er kenndur í VMA

\*\*Heilsársáfangi